

Alþingi
Erindi nr. P 141/303
komudagur 2. 11. 2012

Lögreglustjórafélag Íslands

Selfossi, 2. nóvember 2012.

Nefndasvið Alþingis

vegna Umhverfis- og samgöngunefndar.

Varðar frumvarp til umferðarlaga.


Fyrir Alþingi liggur frumvarp til umferðarlaga (heildarlög) 179. mál. Lögreglustjórafélag Íslands telur að við hæfi hefði verið að senda því frumvarpið til umsagnar og öllum lögreglustjórum, ásamt Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar.

Af hálfu félagsins eru fyrst og fremst gerðar athugasemdir við 2. málsgrein 99. greinar frumvarpsins. Af hálfu Lögreglustjórafélagsins hefur í samráði við Innanríkisráðuneytið verið unnið að því að einfalda sektarinnheimtu og koma á því fyrirkomulagi að innheimta megi sektir m.a. fyrir umferðarlagabrot á vettvangi, samanber 148. grein sakamálalaga. Slíkt sparar mikið fé og eftirgangsmuni og veitir Innheimtumiðstöð sekta- og sakarkostnaðar rýmri möguleika og meira hagræði við innheimtu sekta og sakarkostnaðar. Að auki munu vettvangssektir leiða til aukins málshraða og vinnusparnaðar almennt hjá lögreglu og ákærvaldi. Að þessari vinnu hafa einnig komið ríkissaksóknari og ríkislögreglustjóri.

Tekjutenging sú sem lagt er til að upp verði tekin mun leiða til þess að þeim málum sem unnt er að ljúka strax á vettvangi muni fækka verulega með auknum kostnaði og aukinni óskilvirkni.

Vert er að minna á að skattyfirvöld á Íslandi segja rannsóknir sínar leiða í ljós að „svört atvinnustarfsemi“ sem svo er nefnd fari og hafi farið vaxandi á undanförunum árum. Það kann að leiða til minna jafnræðis við ákvörðun refsinga.

Virðingarfyllst,



Ólafur Helgi Kjartansson

formaður Lögreglustjórafélags Íslands

Um II.

Í fyrirbyggjandi drögum er gerð athugasemd við orðalag frumvarpsins um rannsóknardeildir að „[þ]etta fyrirkomulag [þyki] ekki hafa gefist vel að öllu leyti ...“.

Reynsla embættisins á Húsavík af hinu nýja fyrirkomulagi er þó í samræmi við þessa lýsingu. Áður en nánar er um það fjallað skal tekið fram að samstarf og samvinna milli embætta hefur ekki liðið fyrir þá agnúa sem á rannsóknadeildafyrirkomulaginu í núverandi mynd eru. Þvert á móti hefur samstarf við rannsóknardeild í ágætri samvinnu verið sérsniðið að aðstæðum sem ríkja á hvorum stað. Niðurstaða þeirrar framkvæmdar er sú að kynferðisbrot sem upp koma í umdæminu eru nær eini málaflokkurinn sem flust hefur til rannsóknardeildar.

Þrátt fyrir þetta vinnulag hafa komið fram ýmsar afleiðingar hjá því embætti sem ekki fer með rannsóknardeild. Dæmi um það eru neikvæð áhrif óvissu um rannsóknarstjórn á lögreglulið sem breytingunni fylgdi. Lögreglumenn upplifðu t.a.m. aukið flækjustig. Jafnframt eru dæmi um síaka nýtingu mannauðs. Er þar átt við þrautreyndra rannsakara, sem sinna nú minna krefjandi verkefnum, og hafa neikvæða upplifun af breytingunni með ófyrirséðum áhrifum á vinnuframlag þeirra. Þá er ótvírátt að sum þeirra lögregluliða, sem ekki fara með rannsóknardeild, standa veikari eftir þrátt fyrir yfirmarkmið um styrkingu lögreglunnar í heild. Ekki er heldur vitað til þess að greining á raunverulegum árangri, þ.e. auknum rannsóknargæðum, hafi farið fram. Ýtir það undir framangreint. Tekið skal fram að með framangreindum athugasemdum er ekki verið að slá því föstu að fyrra fyrirkomulag hafi í heild sinni verið betra eða verra. Heldur aðeins undirstrikað að hin umdeilda fullyrðing frumvarpsins á sér amk. stoð hjá embættum sem ekki fara með rannsóknardeildir.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við drög stjórnar.

Svavar Pálsson